

## Reikningar

41

sjóða, sem standa undir stjórn landshöfðingja.

Styrktarsjóður þeirra er biða tjón af jarðeldi.

1884.

Tekjur.

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. B. 1884, bls. 121):		
a. Innritunarskírteini . . . . .	kr. 16500,00	
b. Ríkisskuldabryf . . . . .	— 11300,00	
c. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	— 480,64	
d. Í peningum hjá reikningshaldara . . . . .	— 60,39	kr. 28341,03
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini fyrir eitt ár til $\frac{1}{6}$ 1884	kr. 660,00	
b. — ríkisskuldabryfum, $\frac{1}{6}$ og $\frac{1}{12}$ 1884 . . . . .	— 452,00	
c. Eptir sparisjóðsbókum (pari ótaldir vextir frá 1883) —	105,85	— 1217,85
3. Keypt ríkisskuldabryf að upphæð . . . . .	— 1500,00	— 1500,00
		Kr. 31058,88

Gjöld.

1. Borgað fyrir ríkisskuldabryf að upphæð 1500 kr., með kostnaði við sendingu peninganna m. m. . . . .	kr. 1511,17
2. Sjóður við árslok:	
a. Innritunarskírteini . . . . .	kr. 16500,00
b. Ríkisskuldabryf . . . . .	— 12800,00
c. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	— 232,88
d. Í peningum hjá reikningshaldara . . . . .	— 14,83
	— 29547,71
	Kr. 31058,88

Gjafasjóður Hannesar prestaskólakennara Árnasonar.

1884.

Tekjur.

1. Sjóður við ársbyrjun:		
a. Ríkisskuldabryf . . . . .	kr. 32200,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	— 645,24	
c. Í peningum hjá reikningshaldara . . . . .	— 12,78	kr. 32558,02
2. Vextir:		
a. Af ríkisskuldabryfum, $\frac{1}{6}$ og $\frac{1}{12}$ 1884 . . . . .	kr. 1288,00	
b. — peningum í sparisjóði . . . . .	— 48,80	— 1336,80
3. Keypt ríkisskuldabryf að upphæð . . . . .	— 1400,00	— 1400,00
		Kr. 35594,82

Gjöld:

1. Líffje til Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, $\frac{1}{6}$ og $\frac{1}{12}$ 1884	kr. 400,00
2. Borgað fyrir ríkisskuldabryf, að upphæð 1400 kr., með kostnaði við sendingu peninganna og ríkisskuldabryfanna m. m. . . . .	— 1409,24
	Flyt kr. 1809,24

22. dag maímán. 1885.

41

		Fluttar	kr. 1809,24
3.	Sjóður við árslok:		
a.	Ríkisskuldabrfjef . . . . .	kr. 33600,00	
b.	Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	— 150,82	
c.	Í peningum hjá reikningshaldara . . . . .	— 34,76	
		— 33785,58	
			Kr. 35594,82

Reykjavík, 12. maí 1885.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Bergur Thorberg.**

42  
17. apríl.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um leigusölu á lyfjabúð. — Í tilefni af erindi því frá lyfsala P. Hansen á Akureyri, er þjer senduð hingað, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi yðar 16. f. m., og þarsem nefndur lyfsali sækir um leyfi til að mega selja cand. pharm. O. C. Thorarensen á leigu lyfjabúð þá er hann hefur á Akureyri, er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að ráðgjafinn hefur ekkert á móti því, að honum verði leyft að leigja meðan hann lifir nefnda lyfjabúð manni sem uppfyllir hin lögskipuðu skilyrði fyrir að geta verið lyfsali á Íslandi.

43  
18. maí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 15. marz f. á., hefur krafa Gardahrepps í Gullbringusýslu á hendur Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, um endurgjald fyrir meðlagsstyrk með óskilgetnu barni Ragnhildar nokkurrar Björnsdóttur, Sigþróuð Þórðardóttur, til fardaga 1883, verið færð niður í 281 kr. úr 362 kr. 50 a., en þessum úrskurði yðar hefur fyrst Gardahreppur og síðan einnig Glæsibæjarhreppur óskað áfrýjað til landshöfðingja.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega tilkynna yður það er nú skal sagt: Þareð Glæsibæjarhreppur er framfærsluhreppur ofanefndrar Ragnhildar Björnsdóttur, verður hann, einsog þjer einnig hafið álitid, að endurgjalda Gardahreppi meðlagid með hinu umrædda barni hennar frá 24. septbr. 1877, þá er fyrst var gjörð gangskör að því að tilkynna framfærsluhreppnum hinn veitta sveitarstyrk, og var meðlag þetta í fardögum 1883 orðið samtals 341 kr., en þarómóti verður Glæsibæjarhreppur, eins og þjer einnig hafið álitid, eigi skyldaður til að endurgjalda styrk þann, sem talið er að veittur hafi verið Ragnhildi barnsins vegna fyrir nefndan dag, 24. sept. 1877, 21 kr. 50 a., bæði sökum þess, að það eigi getur álitizt sannað, að styrkur þessi, eða mestur hluti hans, hafi verið lagður móðurinni með barni hennar, og svo einnig af þeirri ástæðu, að þótt þetta væri álitid, varð sá dráttur af hálfu Gardahrepps á því að segja framfærsluhreppnum til þessa styrks, að nefndur hreppur verður að álitast að hafa þarmed fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds. En þarsem þjer hafið álitid, að frá endurgjaldskröfu Gardahrepps beri ennfremur að draga 60 kr., af því að hreppsnefndin þar hafi forsóm- að að kalla til þessarar upphæðar handa Ragnhildi Björnsdóttur úr protabúi húsbónða